

- a. Flugbensín ..... kr. 0.0154 á hvern lítra.  
 b. Þotueldsneyti ..... — 0.0110 á hvern lítra.
- 6.2. Gjald þetta greiðir hlutaðeigandi olíufélag mánaðarlega til flugmálastjórnar.

### 7. Flugskýlisgjald.

- 7.1. Fyrir afnot flugskýlis á vegum flugmálastjórnar skal greiða eftirfarandi leigu-gjöld fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga loftfarsins:  
 a. Innanlandsflug: Kr. 2.20 fyrir hvern byrjaðan sólarhring eða kr. 33.00 á mánuði.  
 b. Millilandaflug: Samsvarandi 2.86 Bandaríkjadöllum fyrir hvern byrjaðan sólarhring.
- 7.2. Flugskýlisgjöld samkvæmt gr. 7.1., miðast við óupphituð flugskýli. Sé flugskýli upphitað er hitunarkostnaður innheimtur sérstaklega.
- 7.3. Fyrir afnot heilla flugskýla eða tiltekinna hluta þeirra, svo og fyrir afnot annarra bygginga og lóða á vegum flugmálastjórnar, skal greiða leigugjöld samkvæmt leigusamningi milli flugmálastjórnar og leigutaka. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð að þau standi straum af tilkostnaði flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

### 8. Almenn ákvæði.

- 8.1. Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksþunga þess eins og hann er skráður í lofthæfisskírteinið.
- 8.2. Gjöld sem ekki eru staðgreidd, verða innheimt með útsendingu reikninga eða gíróseðla. Greiðslu ber að innna af hendi innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings eða gíróseðils. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga er flugmálastjórn heimilt að stöðva notkun loftfara hlutaðeigandi flugrekanda.

### 9. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 6. janúar 1981, sbr. auglýsingu nr. 7 6. janúar 1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 448 22. desember 1977 um sama efni.

*Samgönguráðuneytið, 9. janúar 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

## REGLUGERÐ

**um gjöld fyrir embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni.**

### 1. gr.

Fyrir útgáfu vegabréfa og staðfestingarárítanir í sendiráðum eða ræðisskrifstofum Íslands skal greiða eftirfarandi gjöld:

- |  |          |
|--|----------|
| 1. Fyrir útgáfu vegabréfa til handhafa á aldrinum 18—66 ára .....                                    | kr. 90.— |
| 2. Fyrir útgáfu vegabréfa til annarra .....  | — 50.—   |
| 3. Fyrir staðfestingarárítun í vegabréfi eða önnur persónuskilríki .....                             | — 16.—   |
| 4. Fyrir að staðfesta undirskriftir stjórnvalda og einstaklinga („legalisering“), hvert skjal) ..... | — 16.—   |

## 2. gr.

Upphæð gjalds skv. 1. gr. skal rituð í vegabréfið eða á skjalið. Jafnframt skal gefa út sérstaka kvittun fyrir gjaldinu og rita á hana fyrir hvað gjaldið er innheimt.

## 3. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessari, renna í ríkissjóð, nema þau gjöld, sem kjörræðismenn innheimta, en þau renna til þeirra sjálfra. Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina.

## 4. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslensku og ensku og skal hún liggja frammi í íslenskum sendiráðum og ræðisskrifstofum.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 39, 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands og öðlast hún gildi hinn 1. febrúar 1981. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð um gjöld til utanríkissáðuneytisins frá 9. janúar 1980.

*Utanríkisráðuneytið, 9. janúar 1981.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Hörður Helgason.*

## AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaði í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir .....	kr.	6.50
Einstakir miðar, börn .....	—	3.00
10 miðar, fullorðnir .....	—	40.00
10 miðar, börn .....	—	13.00
10 miðar, aldraðir .....	—	20.00
Gufubað .....	—	11.00
Leiga á handklæðum og skýlum .....	—	5.00
Sundnámskeið, fullorðnir .....	—	125.00
Sundnámskeið, börn .....	—	90.00
10 miða kort 16 ára og eldri, sundfélög .....	—	14.00
10 miða kort yngri en 16 ára, sundfélög .....	—	7.00

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 566 24. október 1980.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1981.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*